

Reykjavík 7. júlí 2010

Efni: Fjárfesting Magma Energy Sweden AB á viðbótarhlutafé í HS Orku hf.

I.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 34/1991 um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri skal sérstök fimm manna nefnd, nefnd um erlenda fjárfestingu, fylgjast með að ákvæðum 4. gr. laganna um takmarkanir á fjárfestingum aðila í atvinnurekstri sé framfylgt. Þá skal nefndin samkvæmt 5. gr. laganna veita ráðherra álit á því hvort tilkynnt fjárfesting gangi gegn ákvæðum 4. gr. laganna sem takmarkar fjárfestingu í tilteknum tilvikum.

Nefndin hefur fjallað um tilkynningu HS Orku hf. um fjárfestingu MES (Magma Energy Sweden AB) á viðbótarhlutafé, samtals 52,35%, í HS Orku hf. frá 25. maí 2010.

Með vísan til álits meirihluta nefndarinnar frá 22. mars 2010, sbr. bréf til HS Orku hf. dagsett sama dag, taldi meirihluti nefndarinnar framangreinda fjárfestingu samrýmast ákvæðum 4. gr. laga nr. 34/1991. Minnihluti nefndarinnar greiddi hins vegar atkvæði á móti með vísan til fyrra álits frá sama degi.

II.

Nefnd um erlenda fjárfestingu hefur undir höndum yfirlit yfir eignarhluti HS Orku hf. í dóttur- og hlutdeildarfélögum. Þar sem MES hefur með framangreindum kaupum eignast meirihluta hlutafjár í HS Orku hf. og fer því með yferráð í félaginu taldi nefndin rétt að kanna hvort yferráðin teldust til erlendar fjárfestingar í dóttur- og hlutdeildarfélögum sem tilkynna bæri til nefndarinnar í samræmi við 7. gr. laga nr. 34/1991.

Í 7. gr. laga nr. 34/1991 segir að tilkynna beri til ráðherra alla erlenda fjárfestingu jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggi fyrir. Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Skv. upplýsingum sem HS Orka h.f. afhendi í tengslum við tilkynningu um hlutafjárkaupin á HS Orka hf. á hlutafé í fyrirtækjum í orkugeiranum m.a. í Suðurorku hf, sem stundar orkuvinnslu og orkudreifingu sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/1991. Í 2. gr. laga nr. 34/1991 er erlend fjárfesting skilgreind sem svo að um sé að ræða fjárfestingu erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um sé að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi. Samkvæmt framansögðu er hugtakið erlend fjárfesting skilgreint rúmt og nær til hvers konar fjárfestingar í atvinnufyrirtækjum.

Í sömu grein er að finna skilgreiningu á erlendum aðila en það telst vera einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirláðum. Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirláðum telst vera íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins svo sem meirihluta hlutafjár eða stofnfjár. Af þessum skilgreiningum ákvæðisins má ráða að telja beri yfirláð yfir íslensku atvinnufyrirtæki, sem á hlut í dóttur- eða hlutdeildarfélagum er falla undir ákvæði laga nr. 34/1991, fela í sér erlenda fjárfestingu í skilningi laganna.

Með vísan til leiðbeiningarskyldu stjórnvalda sbr. 7. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 þykir nefndinni rétt að vekja athygli HS Orku hf. á framangreindum skilningi nefndarinnar svo félaginu sé unnt að hlutast til um viðeigandi tilkynningar.

Niðurstaða meirihluta nefndarinnar er sú að fjárfesting Magma Energy Sweden AB á viðbótarhlutafé í HS Orku hf., sbr. tilkynningu HS Orku hf. frá 25. maí 2010 og þeim gögnum sem lögð hafa verið fram, gangi ekki gegn ákvæðum 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991.

Með vinsemd og virðingu,

Unnur G. Kristjánsdóttir,
form. nefndar um erlenda fjárfestingu.